

Fimmtudaginn 9. desember 1993.

Nr. 486/1993. Þorgeir & Ellert hf.

gegn

Faxa hf.

Kærumál. Frávísunarúrskurður úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gardar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. nóvember 1993, sem barst réttinum 30. sama mánaðar. Kærður er frávísunarúrskurður Héraðsdóms Vesturlands frá 27. október 1993.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnislegrar meðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að varnaraðili hefur greitt sóknaraðila fjárhæð, er svarar ríflega til höfuðstóls þeirrar skuldar, er honum að álitu sóknaraðila ber að greiða vegna umsaminna verka. Ágreiningur er hins vegar um útreikning dráttarvaxta. Hefur sóknaraðili lagt fram samninga, reikninga, verkbeiðnir og yfirlit greiðslna máli sínu til stuðnings. Reifun krafna sóknaraðila í héraði er ófullnægjandi. Eins og málið liggur fyrir, þykja þó ekki þeir annmarkar á málatilbúnaði, að ekki megi úr þeim bæta í rekstri málsins. Verður því ekki talið, að skilyrði hafi verið til að vísa málinu frá, og ber héraðsdómara að taka það til efnismeðferðar.

Rétt þykir, að varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað í héraði í þessum þætti málsins og kærumálskostnað, eins og nánar greinir í dómsorði. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunarúrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili, Faxi hf., greiði sóknaraðila, Þorgeiri & Ellert hf., 100.000 krónur í málskostnað í héraði og kærúmálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 27. október 1993.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 30. september sl. að loknum munnlegum flutningi um fram komna frávisunarkröfu stefnda, var þingfest fyrir bæjarþingi Akraness 6. nóvember 1991 með stefnu, út gefinni 10. október 1991 og birtri 17. október 1991, af Þorgeiri & Ellert hf., kt. 660768-0179, Bakkatúni 26, Akranesi, á hendur Birgi Axelssyni, kt. 210832-7699, Þverholti 21, Keflavík, stjórnarformanni Faxa hf., kt. 530169-0739, Þverholti 21, Keflavík, f. h. félagsins til greiðslu skuldar, að fjárhæð 3.185.600,19 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. febrúar 1989 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi krefst aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Til vara krefst stefndi sýknu af öllum kröfum stefnanda auk málskostnaðar eins og í aðalsök.

Eins og að framan greinir, var málið flutt um frávisunarkröfu stefnda 30. september sl., og er sá þáttur málsins einungis til úrlausnar hér.

II.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að með þremur verksamningum, dagsettum 5. mars 1986, 2. apríl 1986 og 22. maí 1986, hafi stefnandi tekið að sér fyrir stefnda að vinna að endurbótum á m/s Jöfri, KE-17, eign stefnda. Kostnaður vegna þessara verksamninga, annarra breytinga og endurbóta samkvæmt reikningsyfirliti hafi numið samtals 25.397.610 kr., sem stefnandi hefur sundurliðað þannig: [...].

Þá kveður stefnandi umkrafða skuld vera vegna reikninga frá október 1987, að fjárhæð 166.904 kr., frá september 1988, að fjárhæð 94.547 kr., frá október 1988, að fjárhæð 5.976 kr., frá nóvember 1988, að fjárhæð 145.424 kr., og 6.843 kr., samtals 25.816.944 kr.

Stefnandi kveður stefnda hafa greitt inn á verkið samtals 26.239.563,30 kr., þannig: [...].

Kveður stefnandi, að hluta innborgana hafi verið ráðstafað til greiðslu á áföllnum dráttarvöxtum, og hafi eftirstöðvar skuldar stefnda 1. febrúar 1989 verið 3.185.600,19 kr., sem sé stefnufjárhæð málsins.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann hafi unnið verk sitt fyrir stefnda í samræmi við verksamninga og samkvæmt fram lögðum reikningum. Kveðst stefnandi hafa innt verk sitt af hendi að beiðni stefnda, en hafi hvorki fengið greitt fyrir vinnu sína né efni.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna samningsréttarins og reglna kröfuréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga.

Kröfu um dráttarvexti reisir stefnandi á lögum nr. 25/1987, III. kafla, og kröfu um málskostnað og vexti á málskostnað á 1. mgr. 177. gr., 184. gr. og 2. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936.

Stefndi reisir aðalkröfu sína á verksamningi aðila. Í 8. kafla, gr. 8-1, í samningnum segi svo: „Rísi ágreiningur út af samningi þessum milli aðila, skal honum skotið til gerðardóms.“ Stefnandi hafi ekki farið eftir þessu samningsákvæði aðila, og því beri samkvæmt 2. gr. laga um samningsbundna gerðardóma nr. 53/1989 og með hliðsjón af 66. gr. og 68. gr. l. nr. 85/1936, sbr. nú l. nr. 91/1991, að vísa málinu frá dómi.

Einnig reisir stefndi aðalkröfu sína um frávísun málsins á því, að stefnukrafan og útreikningur hennar sé svo óljós og krafan svo vanreifud, að hún sé ekki dómhæf.

IV.

Óumdeilt er í máli þessu, að stefnandi vann að viðgerð á bát stefnda, Jöfra, KE-17.

Stefnandi virðist reisa dómkröfur sínar á hendur stefnda á verksamningi, reikningum vegna aukaverka samkvæmt verkbeiðnum og dráttarvöxtum vegna ætlaðs greiðslubrests stefnda. Hefur stefnandi lagt fram kröfum sínum til stuðnings verksamning og verkbeiðnir ásamt reikningum. Verkbeiðnir þessar eru undirritaðar fyrir hönd stefnda. Ekki verður ráðið, hvort vinna, framkvæmd samkvæmt fyrrgreindum verkbeiðnum, sé vegna aukaverka tengdum verksamningnum.

Samkvæmt fram lögðum verksamningi samdist aðilum máls þessa svo um, að ágreiningur út af samningnum skyldi lagður fyrir gerðardóm.

Eins og mál þetta liggur fyrir dóminum og með vísan til samnings aðila, sbr. og 24. gr. l. nr. 91/1991, ber að taka til greina fram komna kröfu stefnda um frávísun málsins í heild sinni.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnanda að greiða stefnda 75.000 kr. í málskostnað.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Þorgeir & Ellert hf., greiði stefnda, Faxe hf., 75.000 kr. í málskostnað, er beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppsögu úrskurðar til greiðsludags.
